

1. tbl. 2018 - 35. árg.

MS

blaðið

MS-félag Íslands



Efnisyfirlit

Frá formanni	3
Félagsstarf á vorönn	3
Gjafa- og tækifæriskort	4
Jólaball MS-félagsins	4
Námskeið á vegum MS-félags Íslands	5
Minning: Margrét Guðnadóttir ...	6
MS Salurinn til leigu	6
Styrkir til félagsins og þakkir ...	7
Styrktarsjóður fyrir unga fólkið ...	7
Stefnumótun MS-félags Íslands vorið 2018	8
MS-félag Íslands 50 ára	10
Gott norrænt samstarf	14
Þörfin fyrir MS-félagið tekur sifældum breytingum	16
MS-hópar utan höfuðborgar	22
Fastur punktur í tilverunni	24
Þróun á sterkum grunni	25
Dagsins annir og yndi	26



MS-blaðið

1. tbl. 2018, 35. árg.

ISSN 1670-2700

Útgefandi:

MS-félag Íslands,
Sléttuvegi 5,
sími: 568 8620

netfang: msfelag@msfelag.is,
vefsíða: msfelag.is

Ábyrgðarmaður:

Björg Ásta Þórðardóttir

Ritstjórn:

Páll Kristinn Pálsson, ritstjóri
Berglind Guðmundsdóttir
Bergþóra Bergsdóttir
Björg Ásta Þórðardóttir
Dagbjört Anna Gunnarsdóttir
Sigurbjörg Ármannsdóttir

Auglýsingar:

Óflun ehf.

Umbrot og prentun:

Prentmet ehf.



Forsíðumyndina tók Páll Kristinn Pálsson af Björgu Ástu Þórðardóttur, formanni MS-félags Íslands.

Frá skrifstofu:

Þjónusta MS-félagsins

Skrifstofa félagsins að Sléttuvegi 5 í Reykjavík er opin virka daga frá kl. 10-15. Sími er 568 8620 og netfang msfelag@msfelag.is. Á skrifstofu starfa Ingdís Líndal skrifstofustjóri og Helga Kolbeinsdóttir verkefnastjóri sem ásamt starfi á skrifstofu MS-félags er ritari NMSR (norrænu MS-samtakanna). Á skrifstofu má nálgast upplýsingar um starfsemi félagsins og fá bæklinga, blöð og fræðsluefni tengt sjúkdómnum. Starfsmenn á skrifstofu sjá um skráningu á námskeið, bóka íbúðina og viðtalstíma hjá félagsráðgjafa og formanni. Á skrifstofu eru til sölu minningarkort, tækifæriskort og gjafakort. Minningarkortin má panta í síma 568 8620 eða á msfelag@msfelag.is, hægt er að greiða með greiðslukortum eða millifærslu.

Félagsráðgjafi. Margrét Sigurðardóttir, félagsráðgjafi, er með viðtalstíma á föstudögum. Hægt er að panta viðtalstíma eða símaviðtal í síma 568 8620. Margrét hefur starfað lengi hjá félaginu og hefur góða þekkingu á MS-sjúkdómnum. Hún er einnig vel að sér um ýmis réttindamál. Hún sér um að skipuleggja námskeið fyrir nýgreinda, makanámskeið og foreldranámskeið.

Formaður. Björg Ásta Þórðardóttir, formaður, er með viðtalstíma eftir samkomulagi. Best er að hafa samband í síma 824 6125 eða senda tölvupóst á netfangið bjorgasta@msfelag.is

Á vefsíðu og fésbókarsíðu félagsins eru reglulega birtar fréttir sem tengjast félaginu og félagsmönnum og upplýsingar um viðburði. Á vefsíðu er einnig að finna fræðslu um sjúkdóminn, ásamt fréttum tengdum starfi félagsins. Einnig er þar að finna myndir frá félagsstarfi og annan fróðleik auk upplýsinga um MS-Setrið. Þar er einnig að finna upplýsingar um spjallhópa og tengiliði félagsins víða um land. Helga Kolbeinsdóttir hefur umsjón með vefsíðu.

Landsbyggðarhópar. Hægt er að sækja um styrk til félagsins til að koma á fót og/eða efla spjallhópa utan höfuðborgarsvæðisins.

Íbúð MS-félagsins að Sléttuvegi 9 í Reykjavík stendur félagsmönnum og aðstandendum til boða. Íbúðin er í lyftuhúsi og sérútbúin fyrir fatlaða. Þurfi leigjendur á **heimapjónustu eða heimahjúkrun** að halda á meðan þeir dvelja í íbúðinni, þarf leigjandinn sjálfur að ganga frá því áður en hann kemur í íbúðina. Sótt er um heimapjónustu hjá Þórdísi Lindu Guðmundsdóttur í Þjónustumiðstöð Laugardals- og Háaleitis, Síðumúla 39, í síma 411 1500. Sótt er um heimahjúkrun hjá móttökuteymi Heimapjónustu Reykjavíkur í síma 411 9600.

Innheimta félagsgjalds

Félagsgjald fyrir árið 2018 er 2.500 krónur og er innheimt fyrri hluta árs. Líkt og undanfarin ár verður sendur rafrænn greiðsluseðill í netbanka félagsmanna í stað greiðsluseðils með pósti. Þetta fyrirkomulag sparar félaginu töluverða fjármuni. Þeir félagsmenn sem **ekki eru með netbanka** eru beðnir um að hafa samband við skrifstofu félagsins. Þeir geta þá óskað eftir að fá sendan greiðsluseðil.

Frá formanni

MS-sjúkdómurinn er einn algengasti taugasjúkdómur unga fólksins og er alla jafna áætlað að árlega greinist um 25 manns hérlandis með sjúkdóminn. Greiningarferli er orðið betra og vitund orðin meiri. Eru því fleiri að greinast yngri og þá eftir atvikum að komast fyrir á lyf. Er það til þess fallið að draga úr virkni og afleiðingum sjúkdómsins.

Þrátt fyrir mikla og öra þróun í meðferð MS-sjúkdómsins síðastliðna áratugi er ljóst að mikið er enn óunnið. Það er stór hópur MS-fólks sem hefur hingað til haft fá úrræði til að meðhöndla sjúkdóminn. Þau fjölmörgu lyf sem komið hafa á markaðinn gagnast þeim lítið eða alls ekki. Það er því til mikils að vinna að halda áfram að þróa og rannsaka lyf og meðferðir við sjúkdómnum. Alþjóðlegi MS-dagurinn verður haldinn 30. maí í ár og er tileinkaður rannsóknum á MS. Verður það í 10. skipti sem við höldum MS-daginn hátíðlegan, gleðjumst saman en minnum okkur jafnframt á mikilvægi þess að halda baráttunni áfram.

Í ár eru 50 ár frá stofnun MS-félags Íslands og hefur þróun meðferða á sjúkdómnum á þeim tíma verið mikil,



Björg Ásta Þórðardóttir
formaður MS-félags Íslands.

og þá ekki síst síðasta áratuginn. Mikils er vænst af rannsóknum og aukinni vitund um sjúkdóminn. Með breyttum tímum fylgja jafnan kröfur um breyttar áherslur og þjónustu. Félagið hefur því, í kjölfar stefnumótunar, í hyggju að bæta og útvíkka þjónustu félagsins. Lögð verður aukin áhersla á að þjónusta MS-fólk og aðstandendur þeirra um allt land með auknu aðgengi að ráðgjöf, virku stuðningsneti sem og leggja rækt við að virkja MS-fólk til þátttöku í samfélaginu og starfi félagsins. Eru viðfangsefni MS-félagsins mörg og fjöl-

breytt sem krefst forgangsriðunar í samræmi við framtíðarsýn og markmið félagsins.

MS-félag Íslands hefur staðið þétt við bakið á MS-fólki síðustu áratugina og á það góða fólk sem lagði grundvöll félagsins og hefur unnið ötullega að málefnum þess miklar þakkir skilið. Velunnarar félagsins eru fjölmargir og erum við þeim ævinlega þakklát fyrir þeirra framlag, stórt og smátt.

Björg Ásta Þórðardóttir

Félagsstarf á vorönn

Páskabingó

Laugardaginn 24. mars kl. 13–15 í Safnaðarheimili Grensáskirkju.

Styrktartónleikar

Þann 11. apríl næstkomandi munu fjórir nemendur í Háskóla Íslands halda tónleika til styrktar ungu fólki með MS. Viðburðurinn verður haldinn í Fella- og Hólakirkju klukkan 20:30. Margs konar listamenn koma fram, meðal annars tónlistarmennirnir Hlynur Ben og Rannveig Júlía, auk þess mætir Dóra sem fór á kostum með uppi-standi í Frystiklefanum á Rífi. Á staðnum verðum við með happdrætti þar sem hver og einn einstaklingur borgar litlar 500 krónur til þess að taka þátt, nafn þátttakandans er sett í pott og dregnir út margir veglegir vinningar sem ýmis fyrirtæki hafa styrkt. Auk þess eru frjáls framlög vel þegin og allur peningur sem safnast fer óskiptur til MS-félagsins. Auglýst nánar þegar nær dregur á vefsíðunni www.msfelag.is og fésbókarsíðunni MS-félag Íslands.

Aðalfundur MS-félags Íslands

Miðvikudaginn 16. maí kl. 17 á Sléttuvegi 5.

Alþjóðadagur MS

Miðvikudaginn 30. maí kl. 16–18. Sumarhátíð á Sléttuvegi 5.

Reykjavíkurmarapön

Laugardaginn 18. ágúst.




Gjafa- og tækifæriskort

Á skrifstofu félagsins eru til sölu gjafa- og tækifæriskort með myndum eftir Eddu Heiðrúnu Backman, Tolla og Eggert Pétursson.

Tækifæriskortin eru til í tveimur stærðum og eru án texta, en minni kortin eru tilvalin með blómum eða litlum pökkum.

Gjafakortin eru tilvalin í jólagjafir, afmælisgjafir eða aðrar tækifærisgjafir. Með gjafakortunum rennur framlag til fræðslu og reksturs félagsins. Lágmarksverð fyrir eitt slíkt kort er 2.000 krónur, en öll framlög umfram það eru að sjálfsögðu vel þegin. Inn í kortið er áritað með fallegu lettri að um gjafakort MS-félagsins sé að ræða sem með því hefur móttakið framlag til fræðslu og reksturs félagsins, og nýtt verður til að efla og bæta fræðslu og þjónustu við félagsmenn.



Jólaball MS-félagsins

Það var frábær stemming á jólaballi MS-félagsins sem fram fór laugardaginn 9. desember í safnaðarheimili Grensáskirkju.

Heiða Björg Hilmisdóttir, varaformaður, bauð fólkið velkomið. Um 100 börn og fullorðnir voru mætt til að sjá þá jólasveinabræður Kjötkrök og Skyrgám sprella, leika, syngja. Allir fengu svo að smakka á skyri og kjöti áður en

sveinarnir gáfu börnunum nammipoka. Þeir hoppuðu og skoppuðu, dönsuðu í kringum jólatréð, sungu hástöfum og sögðu sögur. Ísold Embla og Ninna Björk lásu svo upp happatölur í happdrættinu okkar en margir hrepptu góða vinninga sem gerðu mikla lukku.

Guðmundur Haukur lék undir allan tímann og dró ekki af sér við spil og söng. Frábær skemmtun fyrir alla.



Námskeið á vegum MS-félags Íslands

Á vorönn eru fyrirhuguð námskeið fyrir nýgreinda, maka og aðstandendur, með fyrirvara um lágmarkspátttöku. Að auki er boðið upp á, byrjendanámskeið í jóga og jafnvægis- og styrktarþjálfun hjá Styrk. Ítarlegar lýsingar má finna á vefsíðunni msfelag.is. Skráning á námskeiðin og upplýsingar fást á skrifstofu félagsins í síma 568 8620 eða með tölvupósti á msfelag@msfelag.is.

Námskeið fyrir nýgreinda

TÍMI: Haldið þegar næg skráning næst.

STAÐUR: Sléttuvegur 5, 103 Reykjavík.

VERÐ: 5.000 kr. Þeir sem eru búsettir utan höfuðborgarsvæðisins geta sótt um ferðastyrk.

LÝSING: Námskeiðið er fyrir MS-fólk með tiltölulega nýja greiningu (6 mán. til 3 ár) og byggist á fræðslu og umræðum. Markmiðið með námskeiðinu er að fólk fræðist um MS, kynnist öðrum með sjúkdóminn og fái stuðning. Á dagskrá verða umræður um tilfinningaleg viðbrögð við sjúkdómsgreiningunni og áhrif MS á daglegt líf. Kynntar eru leiðir til að aðlagast betur og efla styrk þátttakenda. Þátttakendur eru 6-8 og námskeiðið er í 6 skipti, 2 klst. vikulega. Hægt er að stofna sjálfshjálparhóp í lok námskeiða.

UMSJÓN: Sigríður Anna Einarsdóttir, félags- og fjölskylduráðgjafar, sér um námskeiðið. Fleira fagfólk kemur einnig að námskeiðinu.

Skráning og allar nánari upplýsingar á skrifstofu í síma 568 8620 eða á msfelag@msfelag.is.

Námskeið fyrir aðstandendur

TÍMI: Haldið þegar næg skráning næst.

STAÐUR: Sléttuvegur 5, 103 Reykjavík.

VERÐ: 5000 kr. Þeir sem eru búsettir utan höfuðborgarsvæðisins geta sótt um ferðastyrk.

LÝSING: Námskeiðið byggist á fræðslu, umræðum og stuðningi. Fræðsla verður um MS-sjúkdóminn og áhrif greiningar MS á fjölskyldumeðlimi, tilfinningar, aðlögun, meðvirkni og streitu. MS hjúkrunarfræðingur veitir fræðslu og svarar spurningum þátttakenda. Umræður á námskeiðinu gefa þátttakendum tækifæri til að ræða og miðla reynslu sinni og kynnast öðrum í svipuðum aðstæðum. Fagfólk veitir fræðslu.

UMSJÓN: Sigríður Anna Einarsdóttir, félagsráðgjafi, fjölskyldu- og hjónaráðgjafi.

Skráning og allar nánari upplýsingar á skrifstofu í síma 568 8620 eða á msfelag@msfelag.is.

Jóganámskeið fyrir byrjendur

TÍMI: Haldið á mánudögum og fimmtudögum kl. 18:00. Hefst mánudaginn 9. apríl og stendur yfir í 6 vikur.

STAÐUR: Sléttuvegur 5 í Reykjavík.

VERÐ: 5000 kr.

LÝSING: Um er að ræða 6 vikna grunnnámskeið í jóga fyrir MS-fólk.

LEIÐBEINANDI: Birgir Jónsson, Ananda Yoga.

Skráning og allar nánari upplýsingar á skrifstofu í síma 568 8620 eða á msfelag@msfelag.is.

MS-félagið vekur athygli á jafnvægis- og styrktarþjálfun fyrir fólk með MS sem sjúkráþjálfunarstofan Styrkur, Höfðabakka 9, sér um. Æfingarnar miðast við sértæka líkamlega þjálfun í hópi með áherslu jafnvægi, færni og úthald. Boðið er uppá tvo námskeiðshópa. Skráning og nánari upplýsingar hjá Styrk í síma 587-7750. Að auki er boðið upp á, reiðnámskeið og jóganámskeið hjá Styrk. Ítarlegar lýsingar má finna á vefsíðunni msfelag.is.

Margrét Guðnadóttir

F. 7. júlí 1929, d. 2. janúar 2018

Margrét Guðnadóttir fæddist árið 1929. Hún var um áratuga skeið einn helsti sérfræðingur í veirufraeðum hér á landi. Áður en hún gerði þau að sérgrein sinni nam hún almenna læknisfræði, en meðal kennara hennar var Kjartan R. Guðmundsson, frumkvöðull í taugalækningum og einn aðalhvatamaður að stofnun MS-félags Íslands árið 1968. Ráðgátan um orsakir MS-sjúkdómsins heillaði síðan Margréti alla tíð og taldi hún veirufraeðina geta lagt mikið til um lausn gátunnar.

Margrét var velunnari MS-félagsins og er í sögu þess skráður formaður 1980-1981. Hún vildi þó ekki kannast við þá nafnbót, eins og fram kom í viðtali í MeginStoð, blaði félagsins, 1 tbl. 2014:



„Margrét skellihlær. „Já, þetta er bara vitleysa. Standi það í plöggum félagsins er það einhver allt önnur manneskja en ég. Þetta er árið á milli formennsku þeirra Grethu

Morthens og Maríu Þorsteinsdóttur, sem voru miklar vinkonur. Ég veit ekkert um hvað þær möndluðu á milli sín. Ég fór með þeim einhverju sinni á ráðstefnu með norrænum MS-félögum, og sótti nokkrar fleiri fyrir hönd félagsins af því ég var þá stödd í útlöndum. En ég hef aldrei á ævinni tekið að mér að vera formaður í neinu félagi, hvorki MS né nokkru öðru.“

Hvernig svo sem þessu er farið mun minningin um Margréti Guðnadóttir ávallt lifa sterk og kær innan MS-félags Íslands. Við þökkum samfylgdina og sendum fjölskyldu hennar og vinum samúðarkveðjur.

Stjórn MS-félags Íslands.

MS-salurinn til leigu

Nú stendur til boða að taka á leigu sal MS-félagsins að Sléttuvegi 5. Salurinn rúmar 60-70 manns og hentar vel fyrir veislur, fyrirlestra eða hverskyns mannamót. Skjávarpi og píanó eru á staðnum, og hægt er að leigja hljóðkerfi. Salnum fylgir einnig eldhús með öllum nauðsynjum og borðbúnaði, auk þess er í boði að leigja fallega damask dúka á borðin. Leiguverð á salnum er 40.000 kr., en til að tryggja sér salinn þarf leigutaki að greiða 15.000 kr. í óafturkræft staðfestingargjald.

Nánari upplýsingar á heimasíðu félagsins, www.msfelag.is, í síma 568-8620 á opnunartíma skrifstofunnar, kl. 10-15 virka daga, eða á netfangið msfelag@msfelag.is



Styrkir til félagsins og þakkir

Jólagjafaleikur

Svanhildur Karlsdóttir stóð fyrir frábærum jólagjafaleik til styrktar MS-félaginu á snappinu sínu yfir jólin og afhenti félaginu 70.000 krónur að gjöf í byrjun árs. Kveikjan að fjáröfluninni var sú að amma hennar, Ásdís Matthíasdóttir, er með MS og tíður gestur í Setrinu. Við hjá félaginu erum afskaplega þakklát fyrir þessa frábæru gjöf, sem verður vissulega vel nýtt, enda mörg spennandi verkefni sem bíða félagsins á nýju ári þar sem við leggjum kapp á að auka og bæta þjónustu við félagsmenn okkar. Við færum Svanhildi okkar bestu þakkir fyrir stuðninginn.



Jólakortasala

Jólakortasalan gekk vel í ár, en félagið seldi kort fyrir 4,2 milljónir. Jólakort ársins 2017 prýddi myndin Tveir þrestir eftir Eddu Heiðrúnu Backman. Félagið lét prenta bæðir jólakort og plaköt með myndinni en hvorutveggja má nálgast á skrifstofu félagsins. Kortin voru seld um land allt, bæði af einstaklingum og fyrirtækjum, en einnig fóru sjálfbóðaliðar í Kringluna og voru með sölubás fyrir jólin. Líkt og fyrri ár komu til okkar starfsmenn Íslandsbanka og aðstoðuðu við pökkun kortanna, en framlag þeirra er liður í verkefninu Hjálparhönd. Félagið þakkar öllum sem lögðu hönd á plóg við bæði pökkun og sölu kortanna.

Símasöfnun

Síðastliðið haust var efnt til símasöfnunar meðal almennings, eins og mörg undanfarin ár. Þeir sem styrktu umfram ákveðna upphæð fengu pakka með 6 kortum eftir Eddu Heiðrúnu Backman sem félagið fékk að gjöf. Kortin er hægt að nota við ýmis tækifæri og má nálgast á skrifstofu félagsins. Viðtökur voru afar góðar eins og fyrri ár en samtals söfnuðust 6,2 milljónir.



Styrktarsjóður fyrir unga fólkið

MS-félag Íslands auglýsir styrktarsjóð fyrir ungt fólk með MS-greiningu til náms

Sækja má um styrk til að greiða skólagjöld, námsbækur, námskeið sem eru hluti af námi og annað sem styrkir einstaklinginn á annan hátt til náms. Umsækjandi skal skila afriti af útlögðum kostnaði vegna námsins. Hámarksstyrkur er 50.000 krónur á ári. Einstaklingur getur sótt um styrk aftur eftir tvö ár. Úthlutun úr sjóðnum er tvisvar á ári. Umsóknir vorið 2018 skulu berast fyrir lok mars. Rétt til úthlutunar eiga þeir félagar

í MS-félagi Íslands sem eru á aldrinum 18-30 ára og skuldlausir við félagið.

Umsóknir með upplýsingum um nafn, kennitölu, símanúmer og reikningsnúmer, tilgangi náms og afriti af greiðslugögnum skal senda á netfangið msfelag@msfelag.is eða með pósti á MS-félag Íslands, Sléttuvegi 5, 103 Reykjavík.

Stefnumótun MS-félags Íslands vorið 2018

Frá stofnun MS-félags Íslands hefur orðið mikil þróun í greiningu og meðhöndlun MS-sjúkdómsins. Samfélagið hefur jafnframt tekið miklum breytingum og þær áskoranir sem fólk með MS-sjúkdóminn og aðstandendur þeirra takast á við eru að mörgu leyti breyttar. Er því nú góður tímapunktur, á 50 ára afmælisári MS-félagsins, að líta yfir farinn veg, staldra við í núinu og hugsa til framtíðar. Hvar ætlar MS-félag Íslands að vera eftir fjögur ár?

Þann 25. október 2017 komu saman félagsmenn MS-félagsins, stjórn og starfsmenn á stefnumótunarfund félagsins. Voru fundarmenn leiddir í gegnum verkefnavinnu þar sem markmiðið var að fara yfir starfsemi félagsins, móta félaginu nýja framtíðarsýn ásamt því að efla og bæta þjónustu þess.

MS-félagið var svo lánsamt að njóta styrks frá norræna MS-ráðinu til uppbyggingar á félaginu og var hann meðal annars nýttur til þess að standa straum af kostnaði vegna stefnumótunarinnar. Fékk félagið til samstarfs Þóreyju Vilhjálmisdóttur, ráðgjafa og sérfræðing í stefnumótun félaga og fyrirtækja hjá Capacent, sem undirbjó fundinn í samráði við stjórn félagsins, leiddi vinnuna á stefnumótunardegi sem og vann úr niðurstöðum fundarins með stjórn.

Þau verkefni sem unnin voru sneru í annan stað að því að fara yfir starfsemi félagsins. Tekin var afstaða til þess hvað eigi að hætta með, byrja með, draga úr eða halda áfram. Ennfremur var fundarmönnum gert að meta hvaða þjónustu félagsmenn þurfa á að halda.

Út úr stefnumótunardeginum kom mikið magn af

gögnum sem stjórn vann áfram til að skapa framtíðarsýn félagsins og markmið fram til ársins 2022. Úr varð framtíðarsýn í sex þáttum auk verkefnalista í samræmi við þá sýn.

1 Allt MS-fólk og aðstandendur þess hafi gott aðgengi að virku stuðningsneti

Fyrsta framtíðarsýnin snýr að mikilvægi þess að fólk með MS og aðstandendur þess njóti stuðnings frá jafningjum í nærumhverfi. MS-félagið stefnir að því að allt MS-fólk og aðstandendur þess hafi gott aðgengi að virku stuðningsneti.

Nú þegar hefur MS-félagið tekið þátt í uppbyggingu og starfrækslu Stuðningsnets sjúklingafélaganna, sem fjallað er sérstaklega um á öðrum stað hér í blaðinu. Haldið verður áfram vinnu tengt því en jafnframt er mikilvægt að efla og styrkja stuðnings- og landsbyggðarhópa.

2 MS-félagið veitir MS-fólki stuðning við að komast í og viðhalda virkni

Líkamleg, andleg og félagsleg virkni er mikilvæg öllum en það er eitt af hlutverkum MS-félagsins að aðstoða MS-fólk við að komast í virkni og viðhalda henni. Þörf fyrir aukna virkni er ólík á milli einstaklinga en markmiðið er að einstaklingurinn hafi tök á að rækta sjálfan sig, fjölskyldu og taka þátt í samfélaginu.

Hér eru verkefnin mörg og fjölbreytt, og snúa bæði að líkamlegri og andlegri virkni og ennfremur samfélagslegri virkni. Þetta eru verkefni á borð við stuðning við MS-fólk á vinnumarkaði og í námi. Ennfremur að virkja fólk í starfi félagsins, skipuleggja viðburði fyrir MS-fólk og eftir atvikum bjóða upp á ýmis konar námskeið, hvort heldur á höfuðborgarsvæðinu eða landsbyggðinni.

3 MS-félagið er komið í samstarf með öðrum hagsmunafélögum um að veita félagsmönnum gott aðgengi að húsnæði til að sækja grunnþjónustu

MS-fólk þarf mikið til að sækja sérfræðiþjónustu til höfuðborgarsvæðisins eða á stærri kaupstaði. Mikilvægt er að einstaklingar geti sótt helstu þjónustu í heimabyggð eða í nánasta umhverfi. Á meðan sú staða er ekki uppi þurfa sumir að fara um langan veg til að sækja grunnþjónustu. Við slíkar aðstæður þurfa einstaklingar með MS að hafa gott aðgengi að húsnæði utan heimabyggðar.

MS-félag Íslands hefur haldið úti íbúð á höfuðborgarsvæðinu um nokkurt skeið sem bæði félagsmenn og utanfélagsmenn hafa aðgang að. Hámarka þarf nýtingu hennar, sem eftir atvikum má gera með samstarfi við önnur hagsmunasamtök

4 MS-félagið á góð samskipti og er í góðri samvinnu við lækna og annað heilbrigðisstarfsfólk um allt land

Til að auka hag sjúklinga þurfa sjúklingasamtök og heilbrigðisstarfsfólk, sem hafa bættan hag sjúklinga að meginmarkmiði sínu, að vinna saman. Því er mikilvægt að MS-félag Íslands sé í góðum samskiptum við það heilbrigðisstarfsfólk sem annast með einhverjum hætti MS-fólk. Samvinna til að ná fram bættri þjónustu og meðferð er mikilvæg og til hagsbóta fyrir alla aðila.

MS-félag Íslands leggur því áherslu á að bæta núverandi samstarf við taugadeild Landsspítala Háskóla-sjúkrahúss og taugalækna á öllu landinu. Auk þess er áhersla á að auka samstarf og samtal við heilbrigðisstarfsfólk á heilbrigðisstofnunum sem sinna MS-fólki, um allt land.

5 MS-fólk á greiðan aðgang að sérhæfðu heilbrigðisstarfsfólki um allt land

Mikilvægt er að helstu grunnþjónustu sé hægt að sækja í nærumhverfi sitt og aðgangur að sérhæfðri heilbrigðisþjónustu sé góð. Mikil ferðalög til að sækja slíka þjónustu eru dýr og fela í sér aukið álag á sjúklinga og fjölskyldur þeirra. Leita þarf leiða til að MS-fólk þurfi ekki að ferðast um langan veg til að fá nauðsynlega þjónustu, til að mynda lyfjagjöf, lækniþjónustu og ráðgjöf.

MS-félag Íslands leggur því áherslu á að auka aðgengi MS-fólks að sérhæfðu heilbrigðisstarfsfólki um allt land. Heilbrigðisstofnanir á landsbyggðinni þurfa að

vera í stakk búnar til að sinna MS-fólki auk þess sem nýta þurfi betur rafræn samskipti á milli heilbrigðisstarfsfólks og sjúklinga.

6 MS-félagið veitir ókeypis ráðgjöf til MS-fólks og aðstandenda þeirra um allt land

Að greinast með langvinnan sjúkdóm eins og MS hefur víðtæk sálfélagsleg áhrif á einstaklinginn og fjölskyldu hans. Greiningin er mörgum áfall sem fólk þarf stuðning til að vinna úr og aðlagast breyttum aðstæðum og finna sátt. MS getur einnig haft í för með sér hugræn einkenni sem geta valdið kvíða og vanlíðan og auka hættu á félagslegri einangrun. Auk þessa er MS-fólk í sérlegum áhættuhóp hvað varðar þunglyndi. Álag á samskipti innan fjölskyldu eykst og mikil þörf er fyrir opið samtal, fræðslu og stuðning innan hennar.

MS-félag Íslands leggur því áherslu á að bæta aðgengi MS-fólks og aðstandenda að sálfræði- og fjölskylduráðgjöf. Slík þjónusta er í dag kostnaðarsöm og aðgengi mætti bæta víða. Félagið vill bjóða uppá aðgengi að sálfræðingi fyrir MS-fólk og aðstandendur og ráðgjöf og stuðning fyrir fjölskyldur.



MS-félag Íslands

Á þessu ári fagnar MS-félag Íslands 50 ára afmæli. Á tímamótum er rétt að líta yfir farinn veg. Í þessarri samantekt er horft til þeirra verkefna sem félagið hefur unnið að síðasta einn og hálfan áratug. Félagið hefur tekist á við ný verkefni og lögð er áhersla á sem besta þjónustu við félagsmenn. Framfarir hafa verið miklar í rannsóknum og nýjum lyfjameðferðum, hús félagsins stækkað og Ísland tók þátt í Evrópurannsóknin um stöðu MS-fólks.

Námskeið og þjónusta


Skrifstofa er opin alla virka daga vikunnar þar sem nálgast má upplýsingar um þjónustu og námskeið. Félagsráðgjafi starfar hjá félaginu og einnig stendur félagsmönnum til boða vel búin íbúð til skammtímaleigu.

Félagið hefur frá upphafi haft að leiðarljósi þjónustu við félagsmenn. Þar hafa námskeið og fræðsla skipað stóran sess.

Pegar hugað er að námskeiðum þarf að líta til margra þátta. Huga þarf að þeim sem eru með MS-greiningu, mökum, börnum og foreldrum þeirra. Leitast hefur verið við að hafa fjölbreytni í námskeiðsvali og huga bæði að andlegri og líkamlegri heilsu. Félagið býður uppá námskeið fyrir nýgreinda, börn MS fólks, maka og foreldra. Einnig er í boði námskeið í hugrænni atferlismeðferð, núvitund og minnisnámskeið.

Hin síðari ár hafa komið æ fleiri rannsóknir sem styðja mikilvægi hreyfingar og líkamsræktar. Reiðnámskeið hefur verið í boði frá ársbyrjun 2014 í samvinnu við Fræðslunefnd fatlaðra hjá Hestamannafélaginu Herði. Í húsi félagsins hefur verið í boði jóganámskeið. Árið 2009 gerði félagið samning við Reykjalund um jafnvægis- og styrktarþjálfun í húsi félagsins. Sú þjálfun var í boði til haustins 2015 en þá tók Styrkur sjúkráþjálfun Höfðabakka 9 við hóppþjálfuninni. Í dag eru tveir MS-hópar hjá Styrk. Annars vegar er hópur sem þarf ekki að nota gönguhjálpartæki og hins vegar hópur sem notar gönguhjálpartæki.

Fræðslan er ávallt í fyrsta sæti og fræðslufyrirlestrar hafa verið haldnir reglulega um lyf og meðferðir, um



Stoð: „MS-sjúklingar þurfa stuðning og samstöðu“.

Ljós. Kristján E. Einarsson

ýmis einkennatengd málefni svo sem félagslega þætti, líkamleg einkenni en einnig fyrirlestur um meðgöngu, barneignir og kynlíf. Þá hafa verið fyrirlestrar um næringu, mataræði, beinþynningu, vítamín og matreiðslunámskeið. Margir leita til félagsins eftir fræðslu og fræðsluefni, t.d. framhalds- og háskólanemar, aðstandendur og vinir. Félagið hefur staðið fyrir kynningu á hjálpartækjum í samstarfi við fyrirtæki sem flytja inn hjálpartæki.

Það er líka mikilvægt að koma saman þar sem fjölskyldur geta sameinast í skemmtun. Árlega er haldið jólaball, páskabingó og Alþjóðlegi MS-dagurinn. Allt eru þetta mjög vel sóttar skemmtanir.

Landsbyggðin

Á nokkrum þéttbýlisstöðum á landinu, Akureyri, Suðurnesjum og Vestmannaeyjum, eru starfandi spjallhópar þar sem MS-fólk hittist reglulega. Félagið hefur reglulega í gegnum árin farið út á land með fræðslu og hitt heimafólk.

50 ára

Reykjavíkurmarapön

Félagið er eitt að þeim félögum sem njóta styrkja Reykjavíkurmarapöns. Félagsmenn og velunnarar hafa hlaupið til styrktar félaginu og safnað áheitum. Afraksturinn er mikilvæg fjáröflun og eins hefur skapast skemmtileg stemming í kringum hlaupið.

Alþjóðadagurinn

MS-félag Íslands er aðili að MSIF (Multiple Sclerosis International Federation) alþjóðasamtökum MS. Árið 2009 var fyrsti alþjóðadagurinn haldinn en með samræmdu alþjóðaátaki er markmiðið er að vekja athygli á útbreiðslu MS og baráttumálum MS-félaga í rösklega 50 löndum. Alþjóðlega MS-deginum er m.a. ætlað að auka vitund um MS-sjúkdóminn, MS-félög í hverju landi og alþjóðlegu hreyfinguna. Á hverju ári síðasta miðvikudag í maí er dagurinn haldinn hátíðlegur og hafa margir góðir gestir heiðrað okkur í gegnum árin.

Evrópurannsókn á þjónustu við MS greinda

MS-félagið er aðili að evrópsku MS-samtökunum EMSP – European Multiple Sclerosis Platform sem vinna að hagsmunum og velferð MS-fólks í Evrópu. Stjórn Evrópusamtaka MS félaga ákvað á árinu 2006 að kanna hversu háttað væri heilbrigðis- og félagslegri þjónustu við einstaklinga með MS í löndum Evrópu, og var veittur styrkur til þessa verkefnis af Evrópusambandinu. Að baki þessari ákvörðun lá sú vitneskja að mikill munur væri á þessari þjónustu við einstaklinga með MS í hinum ýmsu löndum Evrópu og mikilvægt væri að breyta þessu þannig að jafnræði ríkti milli allra landanna og tryggja jafnframt bestu meðferð í MS á hverjum tíma. Löndin sem fyrir valinu voru Bretland, Pólland, Rúmenía, Spánn, Þýskaland – og Ísland. Það var heiður fyrir okkur að hafa verið valin sem ein þjóðanna til þess að búa til meðferðarstaðal í MS. Sverrir heitinn Bergmann taugasérfræðingur stýrði rannsókninni hér á landi. Hann tók viðtöl við MS-fólk víðsvegar á landinu og lagði sig fram um að ná til sem flestra. Heimsótti hann ásamt fulltrúum félagsins þéttbýlisstaði á landsbyggðinni; Akranes, Borgarnes, Ísafjörð, Akureyri, Egilsstaði, Neskaupstað, Selfoss, Reykjanesbæ og Vestmannaeyjar. Samantekt úr rannsókninni má finna í MeginStoð 1. tbl. 2012.

EMSP-Evrópuráðstefna

Í maí 2008 var MS-félag Íslands skipuleggjandi og gestgjafi ráðstefnu EMSP, sem fram fór á Hilton Reykjavík Nordica hótelinu. Yfirskriftin var „Sjálfstætt líf með MS“ og margir helstu sérfræðingar álfunnar á því sviði fluttu erindi og stýrðu hópumræðum. Fjöldi erlendra auk innlendra gesta sóttu ráðstefnuna. Ráðstefnunni lauk með heimsókn til forseta Íslands á Bessastöðum.

NMSR-Norrænt samstarf

Ísland er aðili að norrænu starfi NMSR (Nordisk MS Råd) sem er samstarf MS-félaga á Íslandi, Danmörku, Noregi, Svíþjóð og Finnlandi. Markmið NMSR er að auka og efla samráð og samstarf milli Norðurlandanna.

MS-félag Íslands tók við formennsku í NMSR árið 2016. Formennskan er til tveggja ára. Félagið tók þá ákvörðun í tengslum við formennskuna og með styrk NMSR að ráða starfsmann, ritara sem sér m.a. um undirbúningsvinnu fyrir fundi, umsjón með verkefnavinnu ungra fulltrúa og fundargerðir. Að auki hefur ritari haldið utan um nýtt verkefni, jafningjastarf. Undir stjórn Íslands unnu ungir fulltrúar frá öllum Norðurlöndunum saman að fræðslumyndbandi sem sýnt var haustið 2017.

Fundir eru haldnir tvisvar á ári, á vorin í tengslum við fund EMSP og á haustin í einhverju Norðurlandanna. Á milli funda er einnig mikið um samskipti á milli félaganna.

MS-húsið að Sléttuvegi 5

Hús MS-félagsins var tekið í notkun árið 1995 og var það mikil framför í starfi félagsins og allri þjónustu við MS-fólk. Árið 2005 var farið að huga að stækkun húsnæðis félagsins. Það var farið að þrengja verulega að starfsemi dagvistarinnar bæði í sjúkraþjálfuninni og ekki síður var það- og salerniaðstaða mjög erfið. Þann 24. janúar 2008 fór fram vígsla nýrrar viðbyggingar við húsið og var þetta þriðji áfanginn og húsið því nú fullbyggt, alls 902 fermetrar að stærð.

Stækkunin hafði það í för með sér að ýmiskonar starfsemi, sem þegar var til staðar í húsinu eftir lokun dagvistarinnar, svo sem yoganámskeið, opið hús, hvers konar námskeiðahald og fleira, varð mun auðveldari í framkvæmd. Í dag á félagið stórt og glæsilegt hús sem er vel tækjum búið og því unnt að veita MS-fólki þá bestu þjónustu sem kostur er á.

Lyf og lyfjameðferðir

Um allan heim vinna vísindamenn að því að finna lausn á ráðgátunni um orsök og eðli MS-sjúkdómsins, þróa lyf og meðferðir. MS er enn ólæknandi sjúkdómur en miklar framfarir hafa þó orðið í meðhöndlun á síðustu árum. Ný og kröftugri lyf eru komin fram sem gagnast þeim einstaklingum sem fá MS-köst. Lyfin bæði milda og seinka framgangi sjúkdómsins og hafa þau áhrif að köstum fækkar og einkenni þeirra verða vægari og vara skemur. Erfiðara hefur reynt að þróa lyf sem virkar á þá einstaklinga sem upplifa einhverja skerðingu án þess að fá greinileg MS-köst. Fyrsta lyfið er þó handan við hornið.

Fyrstu MS-lyfin komu á markað um 1993 og síðan hefur MS-félagið barist fyrir hagsmunum MS-fólks til að fá bestu mögulega lyfjameðferð. Fyrstu lyfin voru svo kölluð interferon sprautulyf sem gögnuðust mörgum. Tímamót urðu árið 2008 er lyfið Tysabri kom á markað, en virkni þess var mun betri en sprautulyfjanna. MS-félagið beitti sér fyrir því að það yrði tekið inn á Íslandi en það var ekki auðsótt mál. Heilbrigðisyfirvöld báru fyrir sig að lyfið væri of dýrt, aukaverkanir hættulegar og aðstöðuleysi taugadeildar til að gefa lyfið. Miklar umræður sköpuðust í samfélaginu, fjölmiðlar fjölluðu um málið sem einnig var tekið fyrir á Alþingi Íslands. Almennur var vel vakandi og mátti víða heyra spurninguna „Ert þú ekki búin að fá þetta nýja lyf?“

MS-félagið gerði vorið 2009 könnun á meðal Tysabri-þega um hvort breytingar hefðui orðið á líðan og daglegu lífi þeirra við lyfjagjöfina. Yfirgnæfandi meirihluti aðspurðra, eða 93%, hafa fundið fyrir jákvæðum breytingum.

Fleiri MS-lyf hafa síðan komið á markað, án átaka en fyrsta MS-töflulyfið kom árið 2013.

Fræðsluefni

Fræðsla eykur skilning. Félagið hefur að leiðarljósi að bjóða vandað fræðsluefni þar sem upplýsingar eru traustar og vel unnar. Tímarit félagsins kemur út tvisvar á ári. Félagið heldur úti heimasíðu þar sem finna má fróðleik um sjúkdóminn og útgefið efni. Fylgst er með nýjungum um MS-lyf og einkennatengdar meðferðir og er því efni miðlað á vefsíðu félagsins. Einnig er þar að finna upplýsingar um námskeið og aðra þjónustu.

Í tilefni 45 ára afmæli félagsins 2013 var gerð fræðslumynd „Taugasjúkdómur unga fólksins“ og var hún sýnd á RÚV. Áður hafði félagið staðið að gerð tveggja fræðslumynda. Auk þess hafa verið gerðar stuttmyndir.

Vorið 2017 komu út vandaðir fræðslubæklingar. Bæklingarnir eru sex og taka á flestu því sem viðkemur sjúkdómnum og þeim áskorunum sem einstaklingar

með MS og aðstandendur þeirra geta mætt í daglegu lífi. Fræðslubæklingunum var dreift til allra félgsmanna svo og annarra sem koma að daglegu lífi MS-fólks. Útbúið var fyrir nokkrum árum kynningarkort sem dreift hefur verið víða. Félagið nýtir einnig samfélagmiðla eins og fésbók og snapchat.

Sverrir Bergmann og félagið


Frá árinu 2004 var Sverrir heitinn Bergmann læknir MS-félagsins og trúnaðarlæknir MS-Setursins og tók á móti sjúklingum í húsi félagsins. Sverrir gegndi trúnaðarstörfum fyrir MS-félagið á erlendum vettvangi þar sem hann naut mikillar virðingar vegna víðtækrar þekkingar sinnar, frjórrar hugsunar og alkunnrar vinnusemi. Á árunum 2007-2009 vann hann að rannsókn á vegum EMSP eins og fram kemur hér að framan. Hann ritaði margar greinar í MS-blaðið, hélt fræðslufyrirlestra og fór í ófáar ferðir með fræðslunefnd félagsins um landið og var alls staðar kærkominn gestur. Sverrir starfaði fyrir félagið allt þar til hann lést í janúarmánuði 2012.



Lokaorð

Það er ekki sjálfgefið að halda úti félagi með öfluga þjónustu. Tryggja þarf fjámögnun og til að ná árangri þarf félagið að vera vel kynnt, njóta trausts og hafa á að skipa öflugum starfsmönnum og stjórn.

Í gegnum tíðina eru það ófá félagasamtök, góðgerðarfélög og einstaklingar sem hafa lagt félaginu.



Fræðslunefnd MS-félags.
Berglind Guðmundsdóttir,
Bergþóra Bergsdóttir,
Sigurbjörg Ármannsdóttir.

Við styðjum MSfélag Íslands



Akureyrarbær



HAPPDRAETTI
HÁSKÓLA ÍSLANDS
vænlegast til vinnings



Alþýðusamband Íslands

 Prentmiðlun ehf.



Síðan 1918



www.fit.is



Reykjavík | Hafnarfjörður
Kópavogur | Reykjanesbær | Garðabær



HRADI - GÆÐI - ÞJÓNUSTA



Bætt líðan • Betra líf



Gott norrænt samstarf

Dagana 10. -11. nóvember síðastliðinn var haldinn á Íslandi haustfundur Norræns ráðs MS-félaga, NMSR. MS-félag Íslands hefur verið í forystu þess undangengin tvö ár, og varaformaður þess, Heiða Björg Hilmisdóttir, verið formaður NMSR.

Á fundinum fórum við yfir helstu baráttumál félagna, hvað hvert land væri að gera til að auka vitund um MS, og þjónusta MS fólk og aðstandendur. Björg Ásta Þórðardóttir, formaður MS-félags Íslands, sat fundinn og sagði frá stefnumótunarvinnu félagsins, sem fór á flug fyrir tilstilli fjárstyrks frá Norræna ráðinu.



My dream is alive

Hápunktur fundarins var svo frumsýning stuttmyndarinnar My dream is alive, sem er samstarfsverkefni ungra fulltrúa NMSR. Verkefnið er jafnframt stutt af Nordisk kulturfund, en verkefnastjóri er Helga Kolbeinsdóttir,

starfsmaður MS-félagsins og ritari NMSR. Verkefnið var tvö ár í bígerð, en tókur fóru fram í Kaupmannahöfn síðastliðið vor. Framleiðslufyrirtækið Nerd Productions sá um tókur og vinnslu myndarinnar í samráði við ungu fulltrúana, sem hafa haldið reglulega Skype fundi í vetur.

Markmið myndarinnar er að gefa raunsæja mynd af því hvernig er fyrir ungt fólk að greinast og lifa með MS í dag. Ungu fólkið vildi gera mynd sem þau hefðu sjálf viljað sjá þegar þau fengu sína greiningu. Með myndinni vilja þau auka þekkingu og skilning á MS, gefa ungu fólki með MS von og sýna þeim að þau eru ekki ein. Ungir fulltrúar frá Finnlandi, Svíþjóð og Danmörku tóku þátt í fundinum og ásamt Ástríði Önnu, íslenska fulltrúanum, kynntu þau myndina í húsi MS-félagsins við Sléttuvegin. Myndina má finna á YouTube og heimasíðu og facebooksíðu MS-félagsins.

Sameiginlegt þekkingarsetur

Annað mál á dagskrá, sem áfram verður rætt á vörfundum NMSR í Bratislava í júní, er sameiginlegt þekkingarsetur fyrir Norðurlöndin. Það er afar spennandi verkefni sem kæmi ekki síst okkur á Íslandi til góða, enda er félagið okkar lítið og mikill ávinningur af samstarfi við MS-félög in á hinum Norðurlöndunum.

Samantekt:
Helga Kolbeinsdóttir,
ritari NMSR



Fulltrúar Norðurlandanna í húsi MS-félagsins að Sléttuvegi 5 í Reykjavík.

Við styðjum MSfélag Íslands



Kópavogsbær



Landsvirkjun



LímtreVírnet

LOGOS

REYKJAVÍK • LONDON



MÚLALUNDUR

nettó

Ódýrt fyrir heimilið!

samskip



VELDU VOXIS FYRIR RÖDDINA

Voxis hálstöflur og mixtúrur eru unnar úr laufum íslenskrar ætihvannar og njóta mikilla vinsælda.

NÝTT
HÁLSMIXTÚRUR
MEÐ ENGIFER
OG LAKKRIS



Voxis hálsmixtúrur með hvönn og engifer- eða lakkrisbragði. Gagnast gegn hósta, kvefi og þurrki í hálsi.



Sykurlaus Voxis, klassískur og sykurlaus með engifer.



SAGA MEDICA

„VOXIS ER MITT FYRSTA VAL“
Gissur Páll Gissurarson, tenór

SÆKTU
RADDSTYRK Í
ÍSLENSKA
NÁTTÚRU



Þörfin fyrir MS-félagið tekur sífelltum breytingum

Björg Ásta Þórðardóttir er nýr formaður MS-félags Íslands frá aðalfundinum síðastliðið vor. Hún er 32 ára gömul, í sambúð með Ósk Laufeyju Breiðfjörð Eddudóttur og saman eru þær með þrjú börn. Björg Ásta er lögfræðingur að mennt og hefur starfað sem slíkur hjá Samtökum iðnaðarins undanfarin þrjú ár.

Páll Kristinn Pálsson ræddi við Björgu Ástu um reynsluna af sjúkdóminum og hugmyndir hennar um stöðu og stefnu MS-félagsins á 50 ára afmælisárinu.

Fyrri part ævinnar var knattspyrna helsta áhugamál Bjargar Ástu. Hún náði svo langt í íþróttinni að spila með íslenska kvennalandsliðinu og spilaði með þremur liðum á ferlinum, Keflavík, Val og Breiðablik, ásamt því að spila með háskólaliði Arizona State University. Sumarið 2009 þegar Björg Ásta spilaði með Val, sem urðu Íslandsmeistarar það árið, fékk hún sjóntaugabólgu og greindist með MS í framhaldi af því. – Hafði hún fundið fyrir einhverjum einkennum áður en þetta gerðist?

„Nei, þetta var í rauninni fyrsta kastið sem ég fékk,“ segir Björg Ásta, „og það höfðu engin merki verið áður um að eitthvað amaði að mér. Ég fékk bara móðu fyrir annað augað og átti erfitt með að fókusera á boltann á æfingum. Ég hélt í fyrstu að ég væri komin með gláku og fór til augnlæknis og þá kom í ljós að ég var með sjóntaugabólgu. Í framhaldinu var ég send í rann-

sóknir á taugadeild Landspítalans, þessi helstu próf eins og segulómun, mænuvökvarannsókn og sjónhrifrit, og þarna um sumarið kom í ljós að ég væri með MS. Það tók ekki langan tíma.

Þessi sjóntaugabólga var fyrsta – og kannski eina – stóra kastið sem ég hef fengið og það skildi eftir sig skemmd. Sjóntaugin skaddaðist og er það helsta sem hefur háð mér allar götur síðan. Ég hef þó nokkrum sinnum fengið vægari köst, aðallega þessi dæmigerðu köst eins og dofa, þreytu og máttleysi.

Svo varð ég ólétt fyrir tæpum tveimur árum síðan. Það fór mjög vel í mig. Ég er ein af þeim þar sem sjúkdómurinn slakar aðeins á meðan á meðgöngunni stendur og reyndar líka eftir fæðinguna, en sumar MS-konur fá einhvers konar bakslag eftir hana, jafnvel sjúkdómskast. Ég hafði verið mjög þreytt fyrir meðgönguna, og fengið



vægt kast ekki löngu áður, en á meðgöngunni leið mér mun betur og sú líðan hefur haldist ágætlega. Ég hætti að taka lyf stuttu áður en ég varð ólétt en byrjaði á þeim aftur fljótlega eftir fæðinguna.“

Það besta strax

Já, hvernig hafði lyfjameðferð þín verið frá greiningu?

„Eftir greininguna byrjaði ég fljótlega á Avonex, sem er í þessum hópi fyrstu meðferðar lyfja sem fólk með MS hefur fengið. Það er tekið með einni sprautu í hverri viku og ég notaði það í um það bil ár. Eins og svo margir varð ég veik af því og fékk talsverðar aukaverkanir, slappleika og önnur flensueinkenni, og breytti því yfir í Copaxone, sem maður sprautar sig með daglega. Það fór ágætlega í mig fyrir utan að ég þoldi ekki vel svona tíðar sprautur. Fyrir um þremur árum síðan fór ég yfir í Tecfidera, sem tekið er í pilluformi, tvær töflur á dag og það verkaði vel á mig. Ég var ekki með það slæman sjúkdóm að talinværi þörf áað ég tæki Tysabri, sem var þá og er enn öflugasta MS-lyfið, og heldur ekki Gilenya sem var næstöflugast

á þeim tíma. En Tecfidera hefur sem sé reynst mér afar vel og ég hef ekki fengið nema eitt umtalsvert kast eftir að ég byrjaði á því og það var þarna skömmu fyrir meðgönguna.“

Af hverju byrjaðirðu ekki beint á því lyfi í stað stungulyfjanna sem fóru verr í þig?

„Ég held reyndar að þetta sé mjög að breytast og æ fleiri sem greinast byrji strax á góðum lyfjum, t.d. Tecfidera eða öðru sambærilegu lyfi. Það á auðvitað að veita fólki bestu meðferðina strax, ekki síst með hliðsjón af því hvers eðlis MS-sjúkdómurinn er. Lyfin geta dregið úr einkennum og hægt á framgangi sjúkdómsins. Fyrir þau sem eru með sjúkdómstegundina MS í kastaformi er markmiðið að fá sem fæst köst og þar af leiðandi verða fyrir sem minnstum skemmdum í taugakerfinu. En það verður að hafa í huga að lyfin hafa misjafnlega mikla virkni og geta sum þeirra haft alvarlegar aukaverkanir sem kallar á virkt eftirlit. Til að mynda þarf ég að fara í blóðrannsókn á þriggja mánaða fresti út af Tecfidera.

Það hefur samt gengið mjög vel á lyfinu og eru margir farnir að fara beint á það lyf. Enn eitt lyfið sem nokkuð



Fjölskyldan. F.v. Ósk Laufey, Björg Ásta með Arfu Líf í fanginu, Bjartur Blær og Stefanía.

nýlega er farið að nota hérlandis við MS er gamalt og velþekkt krabbameinslyf, Mabthera. Það er til dæmis mikið notað í Svíþjóð og þetta er forðalyf sem gefið er í æð tvisvar á ári.

Mikil framþróun hefur orðið í lyfjum við MS sjúkdómnum sem bætir verulega lífsgæði fólks og dregur úr virkni sjúkdómsins. Ég tel núorðið að við ættum að halda þeirri þróun áfram að gefa strax góð fyrirbyggjandi lyf. Fyrir mig persónulega var líka mjög jákvætt að hætta á sprautulyfjum og fara á pillulyf því þau fyrrnefndu eru erfiðari í notkun og meira inngríp í líkamann að vera stöðugt að sprauta sig. Blóðprufur hjá mér koma vel út og lítið um skellumyndun í heilanum samkvæmt segulómun. Ég vonast bara til að geta verið á því áfram og að það hindri mikið til framgang sjúkdómsins.“

Hjólástóllinn blasti við

Hvernig brástu við greiningunni á sínum tíma?

„Ég var 24 ára gömul þegar ég greindist og það var rosalega mikið áfall. Ég hafði miklar ranghugmyndir um sjúkdóminn, vissi í rauninni afskaplega lítið um hvernig hann hagar sér og hvað það þýddi að greinast með hann. Ég þekkti bara einn einstakling sem var með MS

og sá einstaklingur var í hjólástól. Það fyrsta sem ég sá fyrir mér var að ég myndi lenda fljólega í hjólástól og að lífið væri bara búið.

